



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

Baskar og ETA

Frá fornu til Franco

Gunnar Jóhannesson

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2020

Baskar og ETA

Frá fornu til Franco

Gunnar Jóhannesson

12 eininga lokaverkefni í nútímafræði
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum

Leiðsögukenndari
Páll Björnsson

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, september 2020

Titill: Baskar og ETA: Frá fornu til Franco
Stuttur titill: Baskar og ETA
12 eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í félagsvísindum.

Höfundarréttur © 2020 Gunnar Jóhannesson
Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurlóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:
Gunnar Jóhannesson, 2020, bakkalárprófsverkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 44 bls.

Akureyri, september, 2020

Ágrip

Í ritgerðinni er gefin innsýn í sögu Baska og fólksins sem hefur frá fornu kennt sig við Baskaland. Fjallað er um söguleg tengsl Baska við bæði nágrannaríkjóðir sínar og Íslendinga. Sagt er frá átökum sem einkennt hafa baráttu þeirra fyrir landsvæði, sjálfstæði menningar sinnar og tungumáli. Greint er frá sögu verslunar Baska með hvalaafurðir, sérstaklega verslunar sem tengja Íslendinga og Baska gegnum veiðar þeirra við Íslandsstrendur. Baskar voru meira og minna sjálfstæð þjóð innan þeirra konungsríkja sem ríktu á Íberíuskaga og norður yfir Pýreneafjöll. Helgast það meðal annars af því að Baskar áttu sitt eigið löggjafarþing og frægast þeirra var staðsett Guernica, þar sem það er enn. Á sama tíma og Baskalögin (fueros) sameinuðu Baska fyrr og síðar viðhéldu þau aðskilnaði milli þeirra og Spánverja.

Umræða um sjálfstæði Baskalands hefur einkennt frétttaflutning um málefni Baska. Þau stefnumál og stjórn málaöfl sem hafa verið áhrifamikil í þeirri baráttu eru kynnt og fjallað er um hvernig sérstök samtök hafa myndast um kröfur Baska. Sagt er frá afleiðingum þessara átaka og pólitískum aftökum, hvernig hinir herskáu ETA liðar tóku við forystuhlutverkinu í sjálfstæðisbaráttu Baska af PNV-samtökunum, og hvernig baráttan litaði sögu Spánar á 20. öld, einkum á valdatíma Francisco Francos. Að lokum er umfjöllun íslenskra fjölmiðla á sjötta og sjöunda áratug aldarinnar greind og sýnt hvernig sú umfjöllun endurspeglar afleiðingar þeirrar viðkvæmu pólitísku stöðu sem ríkt hefur í Baskalandi.

Lykilorð: Hvalveiðar, Baskar, tungumál Baska, ETA, PNV, þjóðernisbarátta.

Abstract

This essay gives insight into the history of the Basque people and those who have identified as inhabitants of the Basque Country. A description is given about the relationships the Basques have had with neighbouring countries and Iceland. A history of conflict is summarized, and accounts are given of the struggles the Basques have had to endure in order to protect their land, independent culture and language. The essay describes Basque's unique history of whaling, with special attention to their commercial whaling near Icelandic. The essay tells the story of Basques being an almost independent nation between the reigning kingdoms of the Iberian Peninsula and the Pyrenees. The Basques have long had their own assembly, the most famous being in Guernica where it still resides. At the same time the Basques have long had their own law (fueros), contributing to their union, it has also helped maintain separation between them and Spain.

A big part of media coverage about the Basque Country has involved reports about their fight for independence. The politics and political actors that have been influential in this struggle are introduced, highlighting the impact of revolutionary groups willing to fight more heatedly for those demands. The effects of these struggles have been manifested in violence and political assassinations. The militant ETA took over from the PNV and their struggle tainted the history of Spain in the 20th century. Finally, the essay gives a portrayal of media coverage in Iceland that highlight the tension and political instability associated with the region.

Keywords: Whaling, Basque people, Basque language, ETA, PNV, national liberation.

Þakkir


Það er efni í annað BA verkefni að telja upp þá aðila sem þakkir eiga skildar fyrir stuðning í gegnum þetta baskneska ferðalag en eftirtaldir fá sérstakar þakkir;

Páll Björnsson, Xavier Bilbao, Sigrún vinur og Billi Skapta, Tryggvi Hallgríms, Ásgeir Ingólfs, 14 klúbburinn, Siggi Óla, Valdimar og Ólöf á Hrafnseyri, Dagsson & Co., Oddur á Blikkrás, Sibba, Óla og Fjóla en mestu þakkirnar fá foreldrar mínir, Jóhannes Hólm Þengilsson og Seselía María Gunnarsdóttir.

Eskerrik asko!

Formáli

Fyrir nokkru bauðst höfundur þessa verks að dvelja eitt námsár sem skiptinemi við Háskóla Baskalands í Bilbao, fjölmennustu borg Baskalands á Spáni. Þetta var skólaárið 2017–2018. Dvölin með Böskum, það er landsmönnum og jafnvel afkomendum þeirra sem á öndverðri 17. öld stunduðu hvalveiðar við Ísland (Trausti Einarsson, 1987) eflði áhuga höfundar á sögu þeirra, menningu og þróun í aldanna rás. Það gerði sömuleiðis námskeið sem ég sótti hjá Xavier Bilbao, dósent við félagsvísindadeild, á haustmíssi 2017. Þar stiklaði hann á stóru um sögu Baska, tungumál þeirra og menningu.



Mynd 1: Xabier Bilbao við kennslu í baskneskum fræðum við Háskóla Baskalands [Mynd í eigu höfundar].

Það að koma frá fámennri eyju norður í Atlantshafi, sem fékk sjálfstæði sitt og stjórnarskrá án vopnaðra átaka, varð einnig kveikjan að því að ég ákvað að skoða betur sjálfstæðisbaráttu Baska sem öfugt við þróunina á Íslandi þróaðist út í blóðug átök. ETA hreyfingin var enn starfandi þegar dvöl mín hófst haustið 2017 en barátta liðsmanna hennar hafði verið án vopnaðra átaka í sjö ár þar á undan. Þegar fór að líða að lokum dvalar minnar, nánar tiltekið þann annan maí 2018, tilkynnti ETA hreyfingin að hún hefði formlega lagt sig niður sem samtök.



Mynd 2: Veggjakrot á húsinu sem ég bjó í við Urazurrutia Kalea númer 11 innan við viku eftir tilkynninguna um endalok ETA, 2. maí 2018. Á veggnum stendur „ESKERRIK ASKO, ETA GARAIPENERARTE!“ Eða „ETA – TAKK FYRIR SIGURINN!“ [Mynd í eigu höfundar]

Á meðan á dvölinni stóð hafði það vakið athygli mína hve breið og mikil samstaðan var meðal Baska til stuðnings þeim basknesku pólitísku föngum sem sátu í fangelsum víða um Spán og Frakkland. Það er ætlun mín með þessu verkefni að kanna rætur þessarar samheldni og hvernig hún leiddi af sér blóðug átök þegar kom fram á miðja 20. öld.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	1
1.1	BASKALAND VIÐ UPPHAF 21. ALDAR	1
2	BASKAR OG ÍSLENDINGAR	3
2.1	HVALVEIÐAR BASKA OG LEIÐ ÞEIRRA TIL ÍSLANDS	3
2.2	SAMSKIPTI BASKA OG ÍSLENDINGA FYRR OG SÍÐAR.....	3
3	ÞJÓÐ ÁN RÍKIS; BASKALAND OG BASKNESK TUNGA	6
3.1	BASKAR Á ÍBERÍUSKAGA.....	6
3.2	BASKNESKA	7
3.3	BASKNESK – ÍSLENSK ORÐASÖFN	9
4	BASKALÖGIN	10
5	ÞJÓÐERNISFLOKKUR BASKA (PARTIDO NACIONALISTA VASCO), PNV	12
5.1	UPPHAFSÁRIN	12
5.2	FRANCO	13
5.3	FÓTBOLTAFORSETINN	14
6	BASKALAND OG FRELSI (EUZKADI TA ASKATASUNA), ETA	16
6.1	BURGOS RÉTTARHÖLDIN.....	19
6.2	AFTAKAN Á BLANCO	21
7	ÍSLENSKIR FJÖLMIÐLAR	23
8	SAMANTEKT	26
	HEIMILDIR	29

Myndayfirlit

Mynd 1: Xabier Bilbao við kennslu í baskneskum fræðum.....	iv
Mynd 2: Veggjakrot.....	v
Mynd 3: Baskahéruð Spánar og Frakklands, ásamt Navarrahéraði	2

1 Inngangur

Allt til þessa dags hafa Baskar barist fyrir eigin sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétti. Um þá baráttu, sem hefur ýmist verið friðsöm eða blóðug, verður fjallað í þessari ritgerð. Fyrst verður litið til uppruna Baska, fjallað um hvaðan þeir komu til Íberíuskaga og hvernig þeim tókst að varðveita einstakt tungumál sitt í aldir. Hver voru og eru tengsl Íslendinga og Baska? Hvernig var samskiptum Baska og Spánverja háttað fyrir á tímum, fyrir tíma Francos? Hvað einkenndi samskipti Baska og Spánverja á valdatíma Francos? Þessar spurningar eru þær helstu sem leitað verður svara við en áleitnustu spurningarnar er þessar: Hvað eru PNV og ETA? Til að gefa innsýn í þá baráttu sem einkennir sögu Baska verður stuðst við dæmi um íslenska fréttu- og blaðaumfjöllun á 20. öld.

1.1 Baskaland við upphaf 21. aldar

Euskal Herria er nafn landsvæðis Baska á basknesku. Baskaland er íslenska þýðingin, en sambærilegt er Basque country á ensku og País Vasco á spænsku eða Vasconia. Baskaland er rúmlega 20.000 ferkílómetra svæði sem nær til tveggja ríkja Evrópu, það er suðvesturhluta Frakklands og norðurhluta Spánar. Baskaland er þar sem Pýreneafjöll liggja að hafi við Fetlafjörð (Biscaya eða Viscaya) og það liggur milli ána Aturri í norðaustri og Ebro í suðri. Baskaland skiptist í sjö héruð sem, ásamt höfuðborgum, eru eftirfarandi: Alava-Araba (þar sem höfuðborgin er Vitoria-Gasteiz), Gipuzkoa-Guipúzcoa (Donastia eða San Sebastian), Bizkaia-Viscaya (Bilbao), Nafarroa-Navarra (Iruñea eða Pamplona) á Spáni, og Nafarroa Beherea-Benabarra-(Donibane Garazi), Laburdi-Lapurdi (Bayonne-Baiona) og Zuberoa-Soule (Maule) í Frakklandi (sjá kort á mynd 3). Nú, árið 2020, er íbúafjöldi sjálfstjórnarhéraða Baska á Spáni um 2,2 milljónir manna og íbúar í Bilbao, fjölmennustu borg Baskalands, eru um 350 þúsund. Sjálfstjórnarhéruð Baska á Spáni eru þrjú, Alava, Gipuzkoa og Bizkaia, en héraðið Navarra hefur

auk þess sína eigin sjálfstjórn. Svæði Baska í Frakklandi, nefnt Norður-Baskaland, nemur um 3000 ferkílómetrum og eru íbúar þess um 250 þúsund.



Mynd 3: Baskahéruð Spánar og Frakklands, ásamt Navarrahéraði (Clark, 1979, bls. 4).

2 Baskar og Íslendingar

2.1 Hvalveiðar Baska og leið þeirra til Íslands

Baskar hafa stundað landbúnað og sjómennsku frá örófi alda. Þeir eru taldir hafa verið fyrstir þjóða til þess að gera út á hval í atvinnuskyni en þeir nánast einokuðu hvalveiðar á miðöldum. Þegar á sjöundu og áttundu öld voru þeir farnir að stunda hvalveiðar í atvinnuskyni. Ekki er nákvæmlega vitað hvenær Baskar hófu að bræða hvalylsi en elsta ritaða heimildin um sölu Baska á slíkri afurð er frá árinu 670. Flestir strandbær Baskalands á þessum tíma voru með aðstöðu í fjörunni til lýsisbræðslu að öllum líkindum svipaða og þeir komu sér síðar upp til skamms tíma við Íslandsstrendur (Kurlansky, 1999). Böskum er eignuð sú veiðiaðferð að róa á eftir hval á árabátum útbúnum skutli og tóg. Þegar hvalurinn kom upp til að ná sér í loft var hann skutlaður, tógin bundin við bátinn og hvalurinn látinn draga hann þar til skepnan var öll. Fyrir kunnáttu sína og hæfni við hvalveiðar urðu Baskar þekktir, en þeir þróuðu bæði aðferðir við veiðarnar sjálfar og vinnslu afurðanna, ekki síst lýsis, sem var afar verðmætt (Helgi Guðmundsson, 1979).

Elsti vitnisburður um basknesk skip á ferð um Íslandsmið er frá árinu 1412, en þá mun hafa sést til alls tuttugu skipa ekki langt frá Grundarfirði. Vísbendingar um viðkomu Baska í Færeyjum eru þó mun eldri, eða frá árinu 875 (Kurlansky, 1999), eða um svipað leyti og landnám er talið hefjast á Íslandi með skipulögðum hætti.

Af Böskum lærðu aðrar þjóðir hvalveiðar, Danir þar með taldir. Undir lok 16. aldar var svo komið að ofveiði hrakti hvalveiðimenn frá Fetlafirði á önnur mið norður í höfum, meðal annars til Svalbarða og loks til Íslands (Helgi Guðmundsson, 1979). Íslendingurinn Jón Ólafsson (1593–1679), nefndur Indíafari, var til dæmis í áhöfn dansks hvalveiðiskips árið 1618 við Svalbarða. Þar varð hann vitni að aðferðum Baska við hvalveiðar, en Kristján IV, konungur Danmerkur og Íslands, hafði fengið þá til aðstoðar við veiðarnar. Rúmum 40 árum síðar lýsti Jón þeim aðferðum í Reisubók sinni sem út kom 1661 (Hjörleifur Guttormsson, 2013).

2.2 Samskipti Baska og Íslendinga fyrr og síðar

Töluvert hefur verið skrifað um þau samskipti sem Íslendingar og Baskar áttu þann tíma er Baskar stunduðu veiðar við strendur Íslands. Þó er ekki hægt að fullyrða þegar stuðst er við

Íslenska annála og heimildir frá þessum tíma hversu mikil umsvif og hve nánin samskiptin voru þeirra í millum. Þá var Ísland undir danskri einokunarstjórn og fátt skráð í opinber gögnum um viðskipti Íslendinga við aðrar erlendar þjóðir. Enn fremur er ekki alltaf ljóst hvort um Baska, Frakka eða Spánverja var að ræða í þeim gögnum sem til eru frá þessum tíma (Helgi Guðmundsson, 1979).

Hnattstaða Íslands og fjarlægð frá öðrum löndum einangraði þjóðina í aldir en veitti án efa að sama skapi nokkra vernd gegn utanaðkomandi atgangi og árásum. Það dugði þó ekki til því árið 1579 segir frá 70 sjóræningjum á Patreksfirði, sem fóru um og rændu, píndu og nauðguðu. Óvíst er um uppruna ræningjanna en líkur eru taldar á því að Englendingar hafi verið að verki. Í kjölfar þessa atburðar sendu Danir spjót og byssur í allar sýslur. Sjórán voru yfirleitt fordæmd en þó þekktust svokölluð „fríbýtti“, sem voru sjórán Englendinga, samþykkt og jafnvel gerð út af þarlandum yfirvöldum, einkum gegn Spánverjum, sem bjuggu yfir öflugri herflota en Englendingar (Helgi Þorláksson, 2003, bls. 159). Íslendingar urðu þannig fyrir barðinu á sjóræningjum, en þekktasta og jafnvel skæðasta árásin var án efa Tyrkjaránið árið 1627 (Þorsteinn Helgason, 2018).

Íslendingar voru vissulega brenndir af samskiptum sínum við aðkomumenn fyrir komu baskneskra veiðimanna á Strandir en margt bendir til þess að samskipti milli Baska og Íslendinga hafi verið góð og farsæl lengst af. Árekstrar þeirra í millum, gagnkvæmar ásakanir og deilur má að hluta rekja til tungumálaörðugleika (Viðar Hreinsson, 2016). Síðla árs 1614 barst Kristjání IV konungi kvörtun frá Íslendingum undan yfirgangi Baska og þykir líklegt að Ari Magnússon sýslumaður í Ögri hafi verið boðberinn. Konungur gaf þá út bréf 1615 þess eðlis að tekið skuli á Böskum, sem hafi ásamt öðrum hvalföngurum rænt á Íslandi og rekið fólk úr húsum sínum (Már Jónsson, 2016).

... [E]r það orðað svo „að þeir Spönsku eður þeir sem ræna á Íslandi skulu réttlíga teknir og skaðaðir“ (Alþingisbækur IV, 243). Ekki er vitað til þess að spænskir Baskar hafi beinlínis rænt á Íslandi 1613 og 1614 en einhverjir árekstrar urðu þó með þeim og landsmönnum á Ströndum. [...] En ensk – spænskir reyfarar og spænsk – baskneskir hvalveiðiskutlarar voru nýjung 1614 og af þeim stóð konungi ógn. Úr þeim gerðu stjórnvöld óskilgreindan óþjóðalýð, menn sem skyldu „réttlíga teknir og skaðaðir“ (Helgi Þorláksson, 2003, bls. 272).

Síðar á sama ári, haustið 1615, brotnuðu þrjú hvalveiðiskip Baska við Reykjafjörð og Reykjanes í Strandasýslu með alls rúmlega 80 skipverjum (Már Jónsson, 2016; Viðar Hreinsson, 2016). Skipbrotsmenn héldu í tvær áttir, annar hópurinn alls 32 menn til Æðeyjar í

Ísafjarðardjúpi en hinn um 50 manns til Patreksfjarðar. Er skemmst frá því að segja að Æðeyjarhópurinn var veginn af Vestfirðingum, alls 31 maður, en einn komst undan til Patreksfjarðar. Ari sýslumaður í Ögri, sem sjálfur hafði á árum áður veitt Böskum hvalveiðileyfi, gaf nú út dóm með vísun í konungsbréfið fyrrnefnda sem samþykkt hafði verið á Alþingi um sumarið. Stjórnaði Ari sjálfur vígum þeirra Baska sem enn voru í Djúpinu svo enginn varð eftir. Baskanna sem héldu til Patreksfjarðar biðu önnur örlög, því sú aðför að þeim sem Ari í Ögri stýrði í ársbyrjun 1616 mistókst. Um vorið tóku eftirlifendur skipsskaðans enskt fiskiskip og héldu til hafs. Jón „lærði“ Guðmundsson (1574–1658), sem var vinveittur Böskum, tók málstað þeirra og skráði *Sanna sögu af skipbrotum og slagi* þar sem hann lýsti vígunum (Helgi Þorláksson, 2003; Viðar Hreinsson, 2016).

Samskiptasaga Baska og Íslendinga fyrr á öldum er sem fyrr segir blóði drifin. Á síðari árum hefur rykinu verið dustað af fjögur hundruð ára sögu Baska og hörmungum þeirra í samskiptum við Íslendinga, meðal annars í sögulega skáldverkinu *Ariasman* (Koivukari, 2012), heimildarmyndinni *Baskavígin – Slaying of the Basques Whalers* (Aspe, 2016) og svo auðvitað í fræðilegum rannsóknum (sjá til dæmis Irujo og Miglio, 2015).

Af síðari tíma samskiptum þjóðanna má nefna borgarastríðið á Spáni 1936–1939. Þá kölluðu lýðveldissinnar á Spáni, sem Baskar tilheyrðu upp til hópa, eftir alþjóðlegum sjálfboðaliðum til andspyrnu gegn fasisma Francos. Að minnsta kosti þrír Íslendingar, ef til vill fjórir, urðu við því kalli. Einn þeirra ritaði minningar sínar (Hallgrímur Hallgrímsson, 1941) og varð sú bók meðal annars grunnur að vel þekktri íslenskri skáldsögu, sem höfundur tileinkaði minningu íslensku sjálfboðaliðanna þriggja (Álfrún Gunnarsdóttir, 2001). Hvort sá fjórði hafi einnig verið þátttakandi í stríðinu verður látið liggja milli hluta (Þorlákur Axel Jónsson, 2009).

3 Þjóð án ríkis; Baskaland og basknesk tunga

3.1 Baskar á Íberíuskaga

Fornleifafræðingar, málvísindafólk og fleiri hafa lengi glímt við spurninguna um uppruna Baska. Sumir fræðimenn hafa reynt að færa fyrir því rök að Baskar séu afkomendur krómagnon-manna sem uppi voru fyrir rúmum 40 þúsund árum og var það niðurstaða margra höfuðlagsfræðinga átjándu aldar (Kurlansky, 1999). Aðrir segja Baska líklega afkomendur hellamálaranna í Castilló- og Santimamina-hellunum á Norður-Spáni, en myndir þeirra sýna hesta og vísunda og voru gerðar með sóti, á milli 25 og 30 þúsund árum f.Kr. (Kristján Mímisson, 2005).

Í raun er ekki vitað hvenær og þá hvaðan Baskar komu til Pyreneafjalla á Íberíuskaga. Hins vegar bendir margt til þess, og um það eru fornleifafræðingar sammála, að byggð sama fólksins í Baskalandi hafi verið órofin allt frá forsögulegum tíma til loka bronsaldar. Fólkið hafi orðið fyrir áhrifum frá ýmsum svæðum í Evrópu en engin merki innrásar eða yfirtöku annarra hafa fundist frá þeim tíma (Trask, 1997). Skráningar elstu fornleifa og allt að upphafi okkar tímatala varpa takmörkuðu ljósi á þróunina í nyrsta hluta Íberíuskagans og menningar í Pyrenea. Þó þykir víst að Baskar hafi sætt nokkrum ágangi frá fólki bæði að norðan og sunnan. Keltar voru norðar og leituðu suður á bóginn inn í norðurhluta Íberíuskagans en svo virðist sem þeir hafi farið um Baskaland án mikilla afskipta, einhverjir keltneskir virkisveggir hafa fundist innan Baskalands en svo virðist sem áhrif þeirra hafi verið lítil og varað skamman tíma. Keltar voru hins vegar sigursælir í Galiciu, nyrsta og vestasta hluta skagans. Úr suðri kom fólk sem kallaðist Íberíar. Þeir leituðu landvinninga til norðurs en fóru ekki lengra en að Ebrofljóti og suðurhluta Santander, vestan Baskalands. Austan Baskalands fóru Íberíar langt til norðurs, yfir Pyrenafjöllin og inn í Aquitaine í Suður-Frakklandi. Þeir lögðu einnig undir sig Alto Aragon austan Baskalands. Svo virðist sem svæði Baska hafi reynst þeim ofviða og að allar aldir síðan hafi Böskum tekist að verja, ef til vill að mestu leyti, land sitt, tungumál og menningu (Douglass og Zulaika, 2007).

Á þriðju öld f.Kr. réðust Rómverjar inn á Íberíuskagann til þess að leggja hann undir sig. Að þeirra eigin sögn varð mest andstaða í norðrinu en á næstu árhundruðum tókst Rómverjum að leggja undir sig meirihluta skagans, þar með talinn syðsta hluta Baskasvæðisins. Rómversk íhlutun á Íberíuskaga er mikilvæg Böskum á þann hátt að hún markar grunnlínu í sögu þeirra. Fyrstu skriflegu heimildirnar um tilvist Baska eru frá gríska fræðimanninum Strabo sem lifði að

talið er frá 64 f.Kr. til ársins 24 e.Kr. Strabo var afkastamikill skrásetjari, eftir hann liggur 17 binda landafræði og segir frá Spáni í því þriðja. Vissulega telur frásögn Strabos af nyrsta hluta Spánar aðeins fáeinar síður og byggir að auki á um aldargömlum heimildum Rómverja, það er frá því um öld f.Kr., auk þess sem talið er að Strabo sjálfur hafi aldrei komið þangað. Allt að einu, þá marka skrif hans söguleg tímamót fyrir Baska. Í þessum fyrstu skriflegu heimildum greinir Strabo meðal annars frá fjölmörgum hópum eða ættbálkum í fjalllendi Norður-Spánar. Fátt hefur fundist sem bendir til áhrifa eða yfirráða Rómverja í norðurhluta Baskalands annað en að þeir byggðu vegi í gegnum norðrið frá Dax (sem nú tilheyrir Frakklandi) í gegnum Orreaga (nú Roncesvalles rétt sunnan landamæra Frakklands og Spánar) og til Iruna (Pamploma). Að því hafa verið leiddar líkur að Rómverjar hafi átt viðskipti við Baska, keypt af þeim vistir fyrir hermenn sína og hafi áhugi Rómverja þannig verið af hernaðarlegum toga án þess að þeir seildust eftir landfræðilegum yfirráðum. Engin merki um hernaðaráttök hafa fundist í Baskalandi og er talið að Rómverjar hafi látið Baskana í friði og ekki talið þá ógna sér. Hugsanlegt er einnig að landið sjálft hafi ekki verið eftirsóknarvert að undanskildu syðsta hlutanum (Collins, 1990; Douglass og Zulaika, 2007; Trask, 1997).

3.2 Baskneska

Tungumál Baska nefnist euskera eða baskneska. Euskera er ekki indóevrópskt mál eins og flest önnur Evrópumál nútímans og það er óskilt öllum öðrum lifandi tungumálum. Hafið er yfir vafa að málið er flókið og ævagamalt en kenningar um uppruna þess eru margar og misvísandi (Guðrún Kvaran, 2006). Eftirfarandi kenningar, sem eru um 200 ára gamlar, eru ekki lengur teknar alvarlega, en gefa til kynna afstöðu til mikilfengleik baskneskunnar.

Árið 1825 færði ábótinn Diharce de Bidassouet rök fyrir því að Euskera (baskneska) væri tungumál sköpunarsögunnar og þar af leiðandi eina málið sem talað var fyrir Babelsturninn. Manuel de Larramendi, sem samdi fyrstu basknesku orðabókina á átjándu öld, var hins vegar öllu lítillátari, og hélt því aðeins fram að baskneska hefði verið eitt af þeim 75 tungumálum sem urðu til í kjölfar byggingar Babelsturnsins (Heiberg, 1989, bls. 13).

Uppruni tungumálsins, sem enn er hulin ráðgáta og því viðvarandi viðfangsefni málvísindafólks, er afl sem sameinar Baska. Tungumálið sem Baskar hafa varðveitt frá örófi alda afmarkar þá sem þjóð, baskneskt fólk er þjóð án ríkis. Baskneska tungan varð ekki fyrir áhrifum

af tungumáli Rómverja eins og raunin varð með önnur tungumál á Íberíuskaganum til forna undir yferráðum Rómverja. Hvort sjálfstæði Baska gagnvart rómverskum yferráðum var vegna herkænsku þeirra sjálfra eða að Rómverjum hugnaðist ekki land þeirra eða af öðrum ástæðum, þá skiptir sú staðreynd ekki máli. Einmitt þess vegna kann baskneskan að hafa lifað af og þetta forna tungumál af þeim sökum varðveist.

Baskneska varðveittist í munnlegri geymd kynslóð fram af kynslóð í aldanna rás í gegnum sagnir og vísur og lifir sagnahefð Baska enn góðu lífi. Fyrsta prentaða ritið á basknesku var gefið út 1545 og var um baskneskuna sjálfa, *Linguae Vascorum Primitiae*, eftir Bernard Dechepare (1480–1555). Næsta prentaða verk var þýðing á Nýja testamentinu sem kom út 1571. Prentað efni á basknesku var fátítt framan af svo baskneskan lifði áfram að mestu í munnlegri geymd vel fram á 19. öld. Í upphafi þeirrar aldar höfðu einungis 111 rit verið prentuð á tungumálinu, flest trúarlegs eðlis (Heiberg, 1989).

Prússneski fræðimaðurinn Wilhelm von Humboldt (1767–1835) heimsótti Baskaland árið 1799 og aftur 1801. Hann varaði við því að að baskneska tungumálið væri í hættu og jafnvel á leið til glötunar. Sú telur hann einnig vera raunin með basknesku þjóðina sem slíka og eru eftirfarandi athugasemdir hafðar eftir honum:

Það ruglar mann í ríminu að vilji maður vísa til allrar basknesku þjóðarinnar þá fyrirfinnst ekkert eitt nothæft hugtak eða samheiti fyrir Spánverja, Frakka og Þjóðverja. Frakkar eiga ekkert almennt samheiti. Þeir nota orðið Biskajar yfir íbúa skagans, Baskar þegar vísað er til franskra Baska og þegar nauðsyn ber til nota þeir gamla hugtakið Kantabríar... íbúarnir sjálfir kenna sig við svæðið sem þeir koma frá: Biskajar, Gipuzkónar, Arabanar. Þannig hefur þetta óhamingjusama fólk jafnvel glatað sameiningarafli nafns síns. (Agirreazkuenaga, 2011, bls. 24 [þýtt af Gunnari Jóhannessyni]).

Þá hvatti Humboldt alla til þess að nota heitið Baski yfir fólk sem byggir í Baskalandi í Frakklandi og í héruðum Baska á Spáni ásamt Navarra á Spáni. Samheitið sem nú eru notuð eru Baskneska (Euskara), baskneskumælandi fólk (Euskaldunak) og Baskaland (Euskal Herria) (Agirreazkuenaga, 2011).

3.3 Basknesk – íslensk orðasöfn

Á ferðum sínum um Norður-Atlantshafið er talið að Baskar hafi þróað með sér sérstakt mál, einhvers konar blendingsmál, til að eiga í samskiptum og viðskiptum við þær þjóðir sem þar bjuggu. Á Íslandi eru þrjú basknesk-íslensk orðasöfn frá sautjándu og átjándu öld varðveitt á Árnastofnun. Orðasöfnin eða orðabækurnar eru talin vera þau fyrstu á íslensku yfir lifandi erlent tungumál. Þau eru yfir fyrrnefnt blendingsmál sem var notað á Íslandi og þar af leiðandi ekki eingöngu um þýðingar á baskneskum orðum, heldur trúlega einnig frönskum, spænskum og germönskum í bland við latínu (Árnastofnun, e.d.; Helgi Guðmundsson, 1979).

Áhugi Íslendinga á Böskum og gagnkvæmum samskiptum þeirra í millum endurspeglast að einhverju leyti í þessum tilraunum beggja þjóða til aukins skilnings. Vel má vera að nokkurt sannleikskorn sé í orðum háskólakennara frá Spáni, sem bjó á Íslandi undir lok 20. Aldar, þar sem hann segir:

Að mínu áliti er margt líkt með Böskum og Íslendingum. Báðar þjóðir eiga sér fjörgamla og afar erfiða tungu, báðar hafa þjóðirnar þróað menningu sína í náinni snertingu við hafið og báðar eru þær haldnar sterkri þjóðerniskennd. Þessar menningarlegu samlíkingar skýra hvers vegna baskneska var fyrsta lifandi erlenda málið sem Íslendingar sömdu um orðabók, en það gefur til kynna veruleg verslunartengsl Baska og Íslendinga á 16. og 17. öld er Baskar komu hingað til að veiða hval (Yarola, 1988, bls. 12).

4 Baskalögin

Lengi fram eftir öldum voru Baskar meira og minna sjálfstæð þjóð innan þeirra konungsríkja sem ríktu á Íberíuskaga og norður yfir Pýreneafjöll og áttu þeir sitt eigið löggjafarþing. Eins og fram hefur komið varðveittu Baskar baskneskuna og héldu þannig utan um menningu sína og það sameiningarafl sem í móðurmáli þeirra fólst. Þannig varði basknesk þjóð öldum saman sérstöðu sína, þó án ríkis væri. Og enn frekar með því að standa vörð um sín eigin lög (fueros), Baskalögin, sem voru sérstök fyrir hvert hérað en þó með sameiginlegum grundvallaratriðum hvað varðar sjálfræði þjóðarinnar og jafnt aðgengi þegnanna að ákvarðanatöku og pólitískri þátttöku. Baskar héldu þing víða í héruðum sínum á opnum svæðum undir tré, en frægasta þingið var í Guernica þar sem fólkið safnaðist saman undir eikartré (Heiberg, 1989; Kurlansky, 1999; Sullivan, 1988).

Á sama tíma og Baskalögin sameinuðu Baska fyrir og síðar þá viðhéldu þau aðskilnaði milli þeirra og Spánverja. Baskalögin og baskneskan hélt þannig lífinu í sjálfsmynd og ímynd Baska (Lecours, 2007). Baskneska þjóðin, tungumál, lög og hugmyndafræði og ekki síst það hvernig þjóðin deildi með sér ábyrgð í verki og ákvarðanatöku, vakti athygli fræðimanna, stjórnámálamanna og skálda á á 18. og 19. öld. Skráðar eru athugasemdir Wilhelm von Humboldts (1767–1835), sem fyrir er getið, en um aldamótin 1800 tók hann sérstaklega eftir hve þróað pólitískt kerfi Baska var og líkti þeim við frjálsar borgir Grikkja til forna. Þannig byggju Baskar við sjálfstjórn heima í héruðum sem allur almenningur styddi og hefði aðgang að. Ástæðuna taldi Humboldt vera að finna í samofnum og alltumlykjandi þjóðareinkennum, hefðum og sögu, tungumálinu og jafnvel landslaginu (Agirreazkuenaga, 1999). Á þessum tíma, við upphaf iðnvæðingar, áttu Baskar í Bilbao í viðskiptum við Norður-Ameríkumenn í Boston. John Adams (1735–1826), þáverandi varaforseti og síðar annar forseti Bandaríkjanna, skrifaði árið 1794 eftir heimsókn sína til Evrópu eftirfarandi um baskneska þjóð:

Á sama tíma og nágrannar þeirra höfðu afsalað sér öllum völdum í hendur konunga og presta, hefur þetta óvenjulega fólk varðveitt ævafornt tungumál sitt, snilld, lög, stjórnarfar og samskiptamáta, án innrásar, lengur en nokkur önnur þjóð í Evrópu (Kurlansky, 1999, bls. 5 [þýtt af Gunnari Jóhannessyni]).

William Geddes (1735–1799) var skoskur kaþólskur biskup og síðar skólustjóri. Hann birti eftirfarandi umsögn í *Arciologica* árið 1792:

Ef til vill fyrirfinnst hvergi í Evrópu sá staður þar sem sannara og ósviknara frelsis er notið, án lauslætis, en Biscay (Lordship of Biscay), Guypuzcoa héraði (Province of Guypuzcoa) og í Alavasýslu (County of Alava), sem allir þrír eru sameinaðir undir nafninu Biscay. Þetta fólk fylgir ævaforntri hefð sinni að halda aðalfund um opinber málefni sín á opnu svæði undir stóru tré nálægt borginni Guernica.“ Og Geddes lýsir frelsi og persónulegum réttindum þegnanna þannig: „Sérhver Biscayi telst Hidalgo eða heiðursmaður með öllum þeim forréttindum sem slíku fylgir, ekki einasta heima við heldur um gjörvalla Spán. (Agirreazkuenaga, 1999, bls. 11–12 [þýtt af Gunnari Jóhannessyni]).

Að lokum mætti nefna William Wordsworth (1770–1850) sem var Englendingur og einn af upphafsmönnum rómantísku stefnunnar. Hann var stuðningsmaður frönsku byltingarinnar og hreifst mjög af þinghaldi Baska sem safnar saman öllu fólki óháð stétt og stöðu á einn stað undir beru lofti. Sú aðferð fannst honum í anda rómantísku stefnunnar og árið 1810 orti hann lofkvæði um eikina í Guerniku, fundarstað baskneska fólksins/þingsins sem hann taldi tákni lýðræðis með sögulega skírskotun (Agirreazkuenaga, 1999).

Þannig nutu baskneskar hefðir virðingar í Evrópu og vestanhafs þegar þjóðríki fóru að myndast hvert af öðru. Baskalög og aðferðir Baska til að tryggja jafnræði meðal þegnanna höfðu áhrif víða og þóttu til fyrirmyndar. Þjóðfrelsisbarátta Baska á 20. öld ber merki öflugrar samstöðu, þjóðarstolts og baráttuvilja eins og komið verður að hér á eftir.

5 Þjóðernisflokkur Baska (Partido Nacionalista Vasco), PNV

5.1 Upphafsrín

Sabino Arana Goiri (1865–1903) fæddist í Bilbao. Hann stofnaði PNV, þjóðernisflokk Baska, árið 1895, þá þrítugur að aldri. PNV er enn til sem stjórnmálaflokkur í Baskalandi. Arana ólst upp spænskumælandi, hann nam lögfræði við háskólann í Barselóna og þar lærði hann basknesku sem og sögu Baska. Arana varð einn fyrsti talsmaður baskneskunnar og barðist gegn áhrifum spænskunnar. Luis eldri bróðir Arana var þjóðernissinni og hafði mótandi áhrif á þjóðernishugmyndir hans. Luis tók við af bróður sínum sem leiðtogi PNV eftir að Arana féll frá 1903 (Mees, 2003). Arana leitaði fyrst stuðnings við hugmyndir sínar hjá hópi viðskiptamanna, Euskalerico, en þeir óttuðust ofstæki hans og umburðarleysi svo ekkert varð samstarfið. Arana snéri sér þá að kaþólsku millistéttinni og til að styrkja stöðu málstaðarins hóf hann útgáfu blaðsins Bizkaitarra árið 1893. Ári síðar stofnaði hann Baskaklúbbinn, Euzkaldun Batzokija, sem var um tíma eina þjóðernishreyfingin innan Baskahéraðanna. Þar sem um klúbb var að ræða en ekki stjórnmálaflokk gat Arana viðrað pólitískar hugmyndir sínar með leynd (Sullivan, 1988).

Arana samdi baskneska þjóðsönginn og hannaði, ásamt Luis bróður sínum, baskneska þjóðfánann ikurriña. Á honum birtust sameiningartákn Baska sem framar öðru blésu þeim baráttuvilja í brjóst, það er grænt X (Baskalögin) og hvítur kross (hreinleiki Kristis) á rauðum grunni (baskneska fólkið). Sem fyrr segir voru Baskalögin framsækin, en meðal annars var samþykkt ákvæði undir Guernica trénu þegar árið 1526 að banna skuldafangelsi sem og pyntingar og baskneskt fólk var varið fyrir ólögmaetri húsleit og handtökum. Þrátt fyrir að Baskalögin veittu konum ekki fullan rétt á við karla þá voru ákvæði þar inni, ólíkt flestum lagasöfnum miðalda, sem vörðu rétt kvenna upp að vissu marki. Í erfðalögum var til dæmis réttur ekkna yfir dánarbúi tryggður, einnig voru eldri systur framar yngri bræðrum í erfðalögum. Arana taldi Baskalögin sýna fram á getu Baska að stjórna sínum málum sjálfir. Þau væru

leiðarstefið í vegferð að sjálfstæðu Baskalandi, enda hafi lönd Baska þegar á 9. öld verið „... sambönd lýðvelda...frjáls og sjálfstæð, samhljóma í bróðurlegri sátt“ (Kurlansky, 1999, bls. 167).

Arana hafði af því áhyggjur, að erlent vinnuafli og innflytjendur myndu ganga af basknesku samfélagi dauðu. Þannig fólk taldi hann úrkynjað, siðlaust og sósíalista og oft annarrar trúar en kaþólskrar (Sullivan, 1988). Rasískur undirtónninn í orðræðu Arana var augljós, hann notaði meðal annars niðrandi orð, maketo, yfir erlent vinnuafli sem streymdi til Baskahéraða á þessum tíma. Arana skýrði maketo sem „þeir með byrði á bakinu“, en magüeto er fornt orð frá Norður Spáni sem þýðir utanaðkomandi (Kurlansky, 1999, bls. 169). Við upphaf þjóðernisbaráttu Arana leit hann nær eingöngu til Bizkaia og sjálfstæði þess héraðs og um það fjallaði hann í fyrsta stóra verk sínu Bizcaya por su independencia, sem hann gaf út 1892. Síðar sá hann fyrir sér að Baskahéruðin sjö, Araba, Bizkaia og Gipuzkoa ásamt Navarra Spánarmegin og Lapurdi, Nafarroa Behera og Zuberoa Frakklandsmegin gætu sameinast í sambandsríki til framtíðar (Lecours, 2007).

PNV flokkur Arana var ólíkur flestum spænskum stjórnmálaflokkum. Hann var ekki stofnaður eingöngu til þess eins að vinna pólitískar kosningar því fylgjendur PNV skipulögðu hátíðir þar sem allt var samtengt; þjóðtrú, dans, trúarsamkomur og þjóðernispólitík. Basknesk ættjarðarást var lögð að jöfnu við hollustu við PNV flokkinn, en síðar áttu leiðtogar PNV eftir að hrósa samtökunum fyrir að vera meira menningarafli en stjórnmálaflokkur (Sullivan, 1988).

Arana hefur oft verið nefndur til sögunnar sem faðir baskneskrar þjóðernishyggju (sjá til dæmis Sullivan, 1988 og Trask, 1997) en sumir setja þó tilvitnunarkerki utan um „föðurhlutverkið“ (sjá til dæmis Mees, 2003). Upphaf nútíma þjóðernishyggju Baska rekja sumir til tímabilsins 1793–1877, þess tíma þegar Baskar höfðu sjálfstjórn (Agirreazkuenaga, 1999; Bilbao, 2020) en aðrir til tíma Arana undir lok 19. aldar (Sullivan, 1988).

5.2 Franco

Spænski hershöfðinginn Francisco Franco Bahamonde (1892–1975), fór fyrir þjóðernissinum í borgarastyrjöldinni 1936–1939 við að steypa af stóli stjórn lýðveldisins, sem var annað í röðinni og stofnað hafði verið 1931. Baskar börðust gegn þjóðernissinum fyrir lýðveldi og lýðræði en töpuðu eigin sjálfstæði áður en Franco varð einræðisherra árið 1939. Ríkisstjórn Baska undir forystu Aguirre var hrakin frá Baskahéruðunum þegar í júní 1937, en þá höfðu herdeildir

hliðhollar Franco, meðal annars ítalskt landgöngulið og þýsk sprengjusveit, náð Bilbao á sitt vald (Lecours, 2007; Mees, 2003).

5.3 Fótboltaforsetinn

PNV leiddi einu ríkisstjórn sjálfstæðs Baskalands sem komið var á fót 1. október 1936 á tímum umróts spænska borgarastríðsins. Fyrsti forseti, Lehendakari á basknesku, sjálfstæðs Baskalands, var José Antonio de Aguirre (1904–1960). Hann var lögfræðingur og fyrrum fyrirliði knattspyrnufélags Athletic Club de Bilbao, flokksmeðlimur PNV. Við stofnun sjálfstæðs Baskalands var fáninn ikurriña opinberlega gerður að þjóðfána Baska. Þessi ríkisstjórn Baska starfaði löglega í átta mánuði en völd stjórnarinnar náðu eingöngu til Bizkaia og hluta Gipuzkoa héraða þar sem Franco var á þessum tíma búinn að sölsa undir sig önnur svæði Baskahéraðanna (BBC World Service, 2001; Mees, 2003).

Aguirre flúði til Parísar og stjórnaði þaðan höfuðstöðvum basknesku stjórnarinnar til að byrja með. Í miðju stríði, á árunum 1940 til 1941, flúði hann og fjölskyldan á ævintýrlegan hátt „neðanjarðar“ í gegnum Evrópu. Þau komust með sænsku fraktskipi frá Gautaborg til Brasilú og þaðan til Bandaríkjanna hvar þau fengu varanlegt landvistarleyfi 1941. Þaðan stýrði Aguirre basknesku stjórninni og vann að samstöðu Baska allt sitt líf (Totoricaguena, 2004). Sjálf útlagastjórnin var við lýði allt til 1979 að hún var formlega lögð niður þegar Baskar fengu samþykkt sjálfræði (e. Statute of Autonomy) eftir dauða Francos og ný stjórn Baska var mynduð 1980.

Tímabilið frá lokum borgarastríðs á Spáni árið 1939 og fram yfir lok seinni heimsstyrjaldar árið 1945 var baskneskum þjóðernissinum erfitt. Sögur herma að yfir 21 þúsund Baskar hafi verið drepnir á þessu tímabili og að Franco-stjórnin hafi staðið fyrir daglegum aftökum á baskneskum þjóðernissinum í San Sebastian allt til ársins 1947 (Kurlansky, 1999) og þeir sætt ofsóknum jafnvel lengur, eða til 1952 (Clark, 1979).

Allt frá yfirtöku Franco á Baskahéruðunum 1937 hafði baskneska heimastjórnin verið í útleið í París og látið reyna á samninga við fasistastjórn Francos með takmörkuðum árangri. Staða Baskahéraðanna í byrjun sjötta áratugarins var svipuð og á tímum Sabino Arana þar sem efnahagurinn var í örur vexti og Spánverjar frá spænskumælandi héruðum Spánar flyktust til Baskahéraðanna til að ná sér í vinnu. Óttinn við að tapa baskneskum einkennum, menningu og tungumáli var jafn mikill og rúmum sjötíu árum fyrr og þar af leiðandi grunnurinn fyrir róttæka

þjóðernishreyfingu. Munurinn var þó sá að á sjötta áratugnum hafði stjórn Francos bannað notkun baskneskunnar og afmáð málfrelsið, eitt vestrænna ríkja þess tíma (Sullivan, 1988).

Það kom mörgum spánskt fyrir sjónir, ekki síst Böskum, að vesturveldin létu einræðisstjórn Franco í friði eftir seinni heimsstyrjöld. Baskneskir þjóðernissinnar og Aguirre höfðu sett allt sitt traust á samstarf við vesturveldin frá upphafi seinni heimsstyrjaldar en urðu að sætta sig við að áhugi vesturveldanna að heimsstyrjöld lokinni fyrir málefnum smáþjóða var takmarkaður (Mees, 2003).

Baskneskir aðgerðasinnar úr röðum PNV höfðu allt frá tímum borgarastríðsins á Spáni (1936–1939) njósnað fyrir bresku leyniþjónustuna og baskneskir málaliðar tekið þátt í stríðinu með beinum hætti, meðal annars í innrásinni á Normandí (BBC World Service, 2001, 17. júlí og Kurlansky, 1999). En allt kom fyrir ekki, engin tilraun var gerð af hálfu bandamanna til að koma á lýðræðisstjórn á Spáni. Þvert á móti, Bandaríkjamenn gerðu samning við Franco 1953 (The Pact of Madrid) sem batt enda á efnahagslega einangrun Spánar og tryggðu þar með völd hans. Á þessum tíma kalda stríðsins var sameiginlegur óvinur kommúnisminn en ekki fasismi (Mees 2003).

Allt frá lokum seinni heimsstyrjaldar beitti Franco sér af hörku gegn þjóðernisbaráttu Baska. Útlagastjórn Baska skipaði mikilvægan sess í baráttu þeirra, hún náði vissum árangri og var alla tíð sameiningartáknið sem blés þeim eldmóð í brjóst. Þau sem studdu PNV flokkinn á þessum árum litu á Aguirre sem lögmætan fulltrúa baskneskrar þjóðar og stjórnar en ekki sem máttlaust leiktæki PNV flokksins. Þegar komið var fram á sjötta áratuginn fór að bera á brestum innan PNV. Sumir Baskar höggnuðust og áttu í nánu samstarfi við og jafnvel með stjórn Franco, þar á meðal voru meðlimir PNV. Hugmyndir Francos á þessum tíma voru að stórefla ferðamannaiðnaðinn á Spáni og iðnað í Baskahéruðum (Sullivan, 1988). Á þessum tíma var komin upp sambærilega staða hjá Böskum og verið hafði á tímum Arana við stofnun PNV. Nú lutu Baskar fasísku einræði og harðræði og var þá svo komið fyrir baskneskri þjóðernisbaráttu að nýjar áherslur og aðferðir ruddu sér rúms (Kurlansky, 1999).

6 Baskaland og frelsi (Euzkadi Ta Askatasuna), ETA

Þegar einræðisstjórn Francos náði völdum á Spáni breyttist margt í héruðum Baska og daglegu lífi þeirra. Ýmislegt sem áður tíðkaðist meðal Baska varð nú ólöglegt, svo sem samsöngur þeirra og dans og einnig það að tala basknesku á almannafæri og í skólum (Helga Sverrisdóttir, 2002; Sullivan, 1988). Börnum var meira að segja refsað fyrir að tala baskneskuna (Margaronis, 2016). Róttækir stúdentar í Bilbaó, flestir afkomendur þjóðernissinna úr röðum PNV sem sættu sig ekki við aðgerðir PNV liða gegn Franco, hófu útgáfu fréttatímaritsins Ekin í þeim tilgangi að efla pólitíska vitund almennt. Árið 1952 stofnaði námsfólkið hreyfingu sem nefnd var Ekin eftir fréttatímaritinu. Fyrir milligöngu leiðtoga basknesku útlagastjórnarinnar runnu þær saman í eina heild á næstu árum, Ekin og ungmennahreyfing PNV. Ungliðahreyfing PNV bar nafnið Euzko Gaztedi (EG) frá upphafi 1904 en eftir samruna Ekin og EG á sjötta áratugnum hét hreyfingin Euzko Gaztedi Indarra (EGI), það er Ungliðahreyfing Baska. Nú, árið 2020, ber ungliðahreyfing PNV enn heitið EGI.

Samruni Ekin og EG varð skammlífur, tveimur árum frá stofnun þess fór að bera á brestum innan EGI þar sem hvorugur armurinn sætti sig við hinn. Ekin armurinn þótti óþolinmóður og óagaður að mati félagsmanna PNV og PNV þótti íhaldssamur með of fastmótaða starfshætti að mati Ekin armsins. Þessi núningur leiddi til þess að Ekin armurinn klauf sig frá EGI. Árið 1959 stofnaði Ekin hreyfinguna Euzkadi Ta Askatasuna (ETA), sem þýðir baskneskt föðurland og frelsi (Clark, 1979; Sullivan, 1988).

Í upphafi skilgreindi ETA hreyfingin sig ekki sem byltingarsamtök og þau skipulögðu ekki ofbeldisverk. ETA einbeitti sér að útgáfu bæklinga sem og að gera baskneska þjóðfánann (ikurriña) sýnilegan (Clark, 1979). Þótt hugmyndir Ekins og ungmennahreyfingar PNV væru illsamræmanlegar, var klofningurinn ekki vegna þess að ETA hafi ætlað sér að fara út í vopnaða baráttu frá upphafi.

Ástæða klofningsins innan PNVs, sem leiddi til stofnunar ETA, var ekki sú að ósamkomulag væri um hvort ofbeldisaðgerðir væru réttlætanlegar eða ekki heldur hitt að hóparnir tveir voru ósamrýmanlegir, annars vegar aðgerðarsinnar og hins vegar flokkur sem lítur á baskneskar hátíðir og menningarviðburði sem stjórnsmál. (Sullivan, 1988, bl. 32 [Þýðing: Gunnar Jóhannesson]).

Árið 1960 á heimsþingi Baska, sem haldið var í París, kynnti Federico Krutwig, sonur þýsks iðnjöfurs búsettum í Bilbao, rótækar hugmyndir sínar um að hefja skæruhernað á Spáni sem hefði frjálst Baskaland að markmiði. Hugmyndir Krutwigs náðu ekki eyrum þingsins, enda töldu margir hann vanheilan (Clark, 1979). Síðar átti Krutwig eftir að hafa mikil áhrif á mótun ETA og er þar helst nefnd bók hans Vasconia sem hann gaf út árið 1963. Bókinni var meðal annars lýst svona:

Í fyrsta sinn í sögu baskneskrar þjóðernisbaráttu var marxísk hugmyndafræði skoðuð á jákvæðan hátt, það er eldfimur hugmyndafræðilegur kokteill í bland við tilvísanir í Sabino Arana, Marx, Proudhon, Bakunin, Lenin, Mao, Ho-Tschi-Min, Clausewitz og evrópska þjóðfræðinga, svo sem Guy Héraud. (Mees, 2003, bls. 26 [Þýðing: Gunnar Jóhannesson]).

Það var einnig árið 1960 sem spænska stjórnin komst á snoðir um ETA eftir að lögregla hafði gert húsleit í EGI höfuðstöðvum og varð sú athygli til þess að ETA hreyfingin varð enn leynilegri og á sama tíma byltingakenndari (Clark, 1979).

Árið eftir eða þann 18. júlí 1961 var komið að fyrstu tilraun ETA til að beita ofbeldisaðgerðum gegn á Franco og mönnum hans. Hugmyndin var að sprengja upp lestarteina sem lágu að San Sebastian en þar var búið að blása til hátíðarhalda til að minnast þess að 25 ár voru liðin frá því að uppreisn hersins undir stjórn Franco leiddi til borgarastríðsins á Spáni. Hugmynd ETA var að koma lestunum út af sporinu án þess að skaða nokkurn, en það endaði þannig að engin af lestunum fór út af sporinu. Stjórn Franco svaraði þessari árás af hörku og handtók yfir hundrað manns og pyntaði. Þrjátíu af þeim voru fluttir í fangelsi í Madríd þar sem pyntingar héldu áfram og voru þeir síðar ýmist sendir í útleð eða dæmdir til langrar fangelsisvistar. Árið 1962 endurskilgreindu stofnmeðlimir ETA hreyfinguna, þaðan í frá var hún skilgreind sem „leynileg byltingarsamtök með þrennar vígstöðvar; menningarlegar, pólitískar og hernaðarlegar“ (Clark, 1979, bls. 157).

Franco stjórnin flokkaði ETA sem hryðjuverkasamtök frá stofnun samtakanna og sótti hart að hreyfingunni í miklum hreinsunaraðgerðum árið 1961. Þar voru nokkrir ETA leiðtogar, ásamt 2000 Böskum handteknir, pyntaðir og dæmdir til langrar fangavistar. Á árunum 1962 til 1973, með flesta leiðtoga ETA í útleð, mótaðist stefna ETA hægt og rólega í gegnum nokkra aðalfundi. Þetta tímabil einkenndist af átökum innan hreyfingarinnar um mikilvægi þjóðernisbaráttu annars vegar og stéttarbaráttu hins vegar enda klofnaði ETA niður í margar deildir á þessum árum (Whitfield, 2014).

Fyrsti aðalfundur ETA var haldinn í maí 1962 en á þeim fundi var frægum sósíalískra byltingahugmynda stráð og í þeim farvegi fann ETA hreyfingin réttlætingu fyrir notkun ofbeldis í baráttu sinni (Clark, 1979). Eftir annan aðalfund ETA sem haldinn var í mars árið 1963 var 45 blaðsíðna ritið *Insurrección en Euzkadi* (Uppreisn í Baskalandi) eftir ETA meðlim, þekktan eingöngu undir leyninafninu Goiztiri, samþykkt sem einhvers konar stefnuskrá hreyfingarinnar. Eftir þriðja aðalfund ETA gagnrýndi Goiztiri árás ETA við lestarteinana 1961 og benti á að slíkar illa undirbúnar aðgerðir myndu stofna mannlífum í hættu að ástæðulausu. Mat Goiztiri var að baskneskir byltingamenn yrðu að fara varlega og bíða færís til að ráðast á Spán. Goiztiri vildi hefja uppbyggingu til að styrkja samtökin. Það yrði að nýta tímann vel til að hrekja njósnara og flugumenn úr samtökunum sem og að ná til sín nýjum og öflugum samverkamönnum (Clark, 1979). Fimmti aðalfundur ETA var átakþing þar sem stefnur þriggja mismunandi hópa voru viðraðar og tekist á um framtíð ETA. Einn hópanna setti baráttu fyrir sósíalisma framar baskneskri þjóðernishyggju og talaði fyrir auknu samstarfi við aðrar evrópskar byltingahreyfingar. Annar hópur vildi halda í baskneskar þjóðernishugmyndir en höfðu marxískum hugmyndum. Þriðji hópurinn kaus vopnaða baráttu sem leið að sjálfstæði. Eftir að fyrri tveir hóparnir voru reknir úr hreyfingunni voru það harðlínnumenn sem stjórnðu ETA og mótuðu stefnu hreyfingarinnar í áratugi (Whitfield, 2014).

Fyrirnefnd bók Krutwig hafði mikil áhrif á mótun aðferðafræði ETA og þá sérstaklega þátt skæruhernaðar. Á Spáni frétti almenningur af bókinni í gegnum hægrisinnaða miðla landsins þar sem höfundurinn var kynntur sem aðal hugmyndafræðingur ETA. Á þessum tíma var sú ekki raunin og fréttin því fölsk sem slík en sannarlega spádómur sem rættist, því ETA tók hugmyndafræðina til handargagns (Sullivan, 1988). Á mótunarárum ETA mátaði sá hópur sem stóð að hreyfingunni sig við frelsishreyfingar annars staðar í heiminum og á þeim tíma var helst horft til Alsírs, Kúbu og Víetnams. ETA hreyfingin hlaut vopn og þjálfun í Alsír og kom EGI á sambandi milli ETA og Írska lýðveldishersins, IRA (Clark, 1979 og Whitfield, 2014).

ETA, sem leynileg og ólögleg samtök, fjármögnuðu starfsemi sína eftir nokkuð hefðbundnum leiðum skipulagðra glæpasamtaka á borð við ítölsku mafíuna. Þannig stundaði ETA meðal annars þjófnaði, mannrán og byltingaskattur var innheimtur (Helga Sverrisdóttir, 2002). Þann 21. apríl árið 1967 frömdu liðsmenn ETA sitt fyrsta bankarán. Þá rændi hreyfingin yfir milljón peseta og samkvæmt sumum heimildum skiluðu bankarán ETA hreyfingunni yfir 60 milljón pesetum næsta áratuginn eða fram til júní 1977 (Clark, 1979).

Þrátt fyrir að ETA hreyfingin hafi fljótlega eftir að hún var stofnuð skilgreint sig sem stjórnmalasamtök sem stundaði vopnaða baráttu er fyrsta fórnarlamb hreyfingarinnar ekki skráð fyrr en árið 1968. Meðlimur hinnar alræmdu lögreglusveitar Guardia Civil, José Pardines féll í skotbardaga sem braust út þegar tveir ETA meðlimir voru stoppaðir við vegatálma í Guipúzcoa. Einn af æðstu mönnum ETA féll einnig, Txabi Etxebarrieta eftir að hafa verið eltur uppi (Whitfield, 2014). Txabi var einn af leiðtogum ETA sem aðhylltist marxisma og vann ásamt bróður sínum að því að innleiða hann í hreyfinguna. Hann var rithöfundur og fræðimaður sem kom jafnt að því að skipuleggja og framkvæma skærur á vegum ETA. Txabi var einnig talsmaður skæruhernaðar. Líkt og flestir leiðtogar innan ETA á þeim tíma var hann ástríðufullur aðdáandi Che Guevara. Árinu áður var Che Guevara handsamaður og tekinn af lífi í Bólívíu þar sem hann átti við ofurefli að etja í sinni krossferð fyrir frjálsri Bólívíu. Margir vina Txabi bentu á líkindin í aftöku vinar síns og Che Guevara en trúðu jafnframt að stuðningsmenn beggja myndu að lokum hafa sigur. Réttlætið og mögulega kúgaður almúginn yrði þess valdandi (Sullivan, 1988).

Aftakan á Txabi Etxebarrieta kallaði fram reiði í Baskahéruðum og ETA fékk sinn fyrsta píslarvott (Lecours, 2007). ETA hreyfingin beið ekki lengi eftir því að hefna fyrir aftökuna á Txabi og í ágúst árið 1968 var „Aðgerð Sagarra“ framkvæmd. Í San Sebastian var hataður lögregluforingi að nafni Melitón Manzanos tekinn af lífi fyrir utan heimili sitt. Sagarra sem er baskneska líkt og manzanos á spænsku þýðir epli (Kurlansky, 1999). Manzana var þekktur fyrir illa meðferð og líkamlegt ofbeldi gegn baskneskum þjóðernissinum sem og öðrum andstæðingum einræðisstjórnar Franco. Þykir þessi aftaka á Manzana hafa valdið vatnaskilum í baráttu ETA og hreyfingin sýnt fram á getu og vilja til að taka áhættu og nálgast á þann hátt háttsetta aðila Franco stjórnarinnar. Viðbrögðin voru sterk og lýsti Franco strax yfir neyðarástandi en viðbrögðin voru einnig fálmkennd og ófyrirsjáanleg þar sem fólk var nánast handtekið af handahófi (Lecours, 2007).

6.1 Burgos réttarhöldin

Aðfarir Franco gegn baskneskum þjóðernissinum eftir morðið á Manzana náði hámarki í svokölluðum Burgos réttarhöldum í desember 1970. Réttarhöldin sjálf stóðu yfir frá 3. til 9. desember en dómur var ekki kveðinn upp fyrr en 28. desember 1970 (Clark, 1979). Réttarhöldin voru yfir 16 baskneskum þjóðernissinum, meintum ETA meðlimum, sem ákærðir voru fyrir vopnaða uppreisn, glæpastarfsemi og hryðjuverk (Kurlansky, 1999). Öll ákærðu játuðu fyrir rétti að vera

ETA meðlimir en ekkert þeirra játaði aðild sína að morðinu á Manzana og drógu til baka játningar sínar sem áður höfðu verið þvingaðar fram með pyntingum (Clark, 1979).

Meðal þeirra 16 ákærðu voru tvær konur og tveir prestar og þegar hópurinn var dreginn fyrir réttinn báru þau augljós merki þess að hafa verið pyntuð. Réttarhöldin og athyglin sem þau fengu hrundu svo af stað bylgju mótmæla, innan sem utan Spánar og kölluðu nokkur evrópsk ríki sendiherra sína heim frá Spáni (Clark, 1979; Heiberg, 1989). Í fyrsta sinn frá stofnun ETA var hreyfingin orðin táknið baráttunnar gegn einræðisstjórn Francos og sameinaði hún því ólík öfl (Heiberg, 1989).

Í aðdraganda réttarhaldanna eða þann 2. desember rændu meðlimir ETA hreyfingarinnar Eugen Biehl, Vestur-þýskum ræðismanni, í San Sebastian. Tilgangurinn var að þrýsta á mildari meðferð hinna ákærðu (Clark, 1979; Sullivan, 1988). ETA leystu Biehl úr haldi að kveldi aðfangadags eða fjórum dögum áður en dómstóllinn kvað upp dómana. ETA hélt því fram að viðræður um lausn Biehl hefðu farið fram og samkomulag gert. Meðal þess var samkomulag um að Franco myndi snúa öllum dauðadómum yfir í fangelsisvist. Spánarstjórn viðurkenndi ekki aðild sína að viðræðunum (Clark, 1979). Nöfn hinna dæmdu og dómarnir yfir þeim voru eftirfarandi:

- „José Mari Dorronsoro: Dauðadómur
- Gregorio Lopez Irasuegui: 30 ár
- Francisco Javier Izco: Tveir dauðadómar, plús 27 ár
- Xavier Larena: Dauðadómur, plús 30 ár
- Jokin Gorostidi: Tveir dauðadómar, plús 30 ár
- Iciar Aizpurua: 15 ár
- José Antonio Carrera: 12 ár
- Victor Arana: 60 ár
- Mario Onaindia: Dauðadómur, plús 51 ár
- Jesús Abrisqueta: 62 ár
- Jon Echave: 50 ár
- Eduardo Uriarte: Tveir dauðadómar, plús 30 ár
- Jone Dorronsoro: 50 ár
- Enrique Guesalaga: 50 ár
- Julen Kalzada: 12 ár“ (Clark, 1979, bls. 186 -187).

Tveimur dögum eftir að dómarnir voru birtir eða 30. desember uppfyllti Franco óskir ETA og breytti þeim dauðadómum sem kveðnir höfðu verið upp í 30 ára fangelsisvist. Sjö árum eftir réttarhöldin voru allir hinna dæmdu lausir úr fangelsi (Clark, 1979; Whitfield, 2014).

Lögfræðingar hinna ákærðu í Burgos réttarhöldunum gegndu lykilhlutverki sem nokkurs konar talsmenn baráttu ETA, hvort heldur sem var innan eða utan sala réttarins. Lögmenn hinna ákærðu nýttu tímann í réttinum til að leggja fram klókar spurningar og gagnrýndu framkvæmd réttarins. Einnig var hlutverk lögfræðinga hópsins fólgin í að aðstoða þau við að koma skilaboðum ETA á framfæri sem og að greina frá kúgun og pyntingum af hálfu lögreglunnar á blaðamannafundum (Sullivan, 1988). Frá því að Franco náði völdum á Spáni hafði enginn einn atburður fært heiminum aðra eins uppljóstrun á stjórnaraðferðum fasistastjórnar hans og Burgos réttarhöldin og jók það enn á ólguna innan Spánar (Lecours, 2007).

Í lok árs 1973 hafði ETA hreyfingin verið bendluð við sex morð en ekki voru sannanir fyrir þeim öllum. ETA hafði heldur ekki lýst sig ábyrga fyrir þeim öllum. Kurlanski (1999) bendir á að frá 1968 til 1975 hafi lögreglan drepið fjórtán, sært 52 einstaklinga skotsárum og fangelsað 4356 Baska án réttarhalda enda fækkaði virkum ETA meðlimum hratt þessi ár. Þrátt fyrir þessa hörku af hálfu Franco gegn ETA hreyfingunni náðu róttækir foringjar og meðlimir ETA að skipuleggja og framkvæma sitt frægasta hryðjuverk. Hryðjuverk sem hitti aldraðan og veikan Franco beint í hjartastað, en það var morðið á forsætisráðherranum, helsta ráðgjafa og aðdáenda Francos, aðmírál Carrero Blanco (1903-1973) (BBC World Service, 2013; Reddin, 2017).

6.2 Aftakan á Blanco

Franco tilnefndi Carrero Blanco forsætisráðherra í júní 1973 og valdi hann þar með sem eftirmann sinn (Mees, 2003). ETA hreyfingin hafði bent á að Blanco væri jafnvel harðskeyttari en Franco sjálfur og þar af leiðandi afar hættulegur. Upphafleg hugmynd ETA var að ræna honum og krefjast lausnar fangelsaðra ETA meðlima. Sú áætlun átti ekki eftir að ganga eftir. Hópur hafði verið myndaður í Madríd sem njósnaði um ferðir Blanco. Í þessum hópi voru meðal annarra kommúnistar sem og aðgerðasinninn Eva Forest og eiginmaður hennar, Alfonso Sastre. Hert öryggisgæsla í kringum Blanco fældi ETA frá þeim áformum að ræna honum og hófust þau þá handa við að skipuleggja aftökuna (Reddin, 2017; Sullivan, 1999).

Blanco var vanafastur maður og sótti alltaf sömu kirkju á sama tíma áður en hann fór til vinnu og það fór ekki framhjá ETA (BBC World Service, 2013). Hópur frá ETA leigði íbúð á þessari kirkjuleið undir því yfirskini að þeir væru myndhöggvarar. Grófu þeir göng undir hálfu götu á

leið Blancos frá kirkjunni og komu þar fyrir um 75 kílóum af sprengiefni. José Miguel Beñaran Ordeñana (1949-1978) eða Argala, eins og hann var nefndur, fór fyrir þessum hópi, dulbúinn sem rafvirki daginn sem aftakan á Blanco fór fram. Blanco ferðaðist um í svartri Dodge bifreið ásamt bílstjóra og lífverði sínum. Þegar bíllinn ók yfir göngin með sprengiefninu fékk Argala merki og sprengdi. Sprengingin var öflug og myndaðist stór gígur í götunni, bíll Blancos þeyttist tugi metra upp í loftið og yfir nærliggjandi fimm hæða hús og endaði á svölum hússins hinum megin (Reddin, 2017, 4. maí). Mikil óreiða skapaðist í Madríd og fyrstu lögreglumennirnir sem komu á vettvang drógu þá ályktun að um gassprengingu hefði verið um að ræða. Ekki sáu þeir bíl forsætisráðherrans né hann sjálfan og leituðu að honum meðal annars á skrifstofu hans en fundu ekki. Þetta var fyrsta hryðjuverkið í Madríd borg frá lokum borgarastríðsins 1939. Franco tók tíðindum af morði Blanco illa enda var Blanco sá sem átti að tryggja arfleifð Francos um ókomna tíð. Franco jafnaði sig aldrei að fullu eftir morðið á Blanco (BBC World Service, 2013). Þessi þaulskipulagða aftaka ETA á Blanco festi hreyfinguna í sessi sem leiðandi afl í baráttu gegn einræðisstjórn Francos (Whitfield, 2014). Franco lést 1975 en barátta ETA hreyfingarinnar fyrir sjálfstæðu Baskalandi var komin á skrið og voru blóðugustu ár hreyfingarinnar framundan.

7 Íslenskir fjölmiðlar

Athyglin sem þjóðernisbarátta Baska fékk í íslenskum fjölmiðlum í tengslum við morðið á Manzana lögregluforingja var töluverð. Ekki varð hún minni þegar kom að Burgos réttarhöldunum. Í þessum kafla verða gefin nokkur lýsandi dæmi um umfjöllun íslenskra fjölmiðla um frelsisbaráttu Baska.

Fimmtudaginn 8. ágúst 1968 birtist á síðum Þjóðviljans (1968, 8. ágúst) fréttadálkur undir fyrirsögninni Herlög í Baskahéruðum á Spáni og sama dag í Alþýðublaðinu (1968, 8. ágúst) dálkur með fyrirsögninni Spánska lögreglan ber á Böskum. Báðar þessar greinar fjalla um fálmkennd viðbrögð Francos og stjórnar hans gegn þjóðernissinnuðum Böskum eftir aftöku Manzanas. Fram kemur að yfir fimmtíu manns hafi verið handtekin, þar af margir prestar, það er frá því að herlögin tóku gildi 5. ágúst 1968. Segir frá því að herlögin veittu yfirvöldum óheftan aðgang að húsnæði og handtökum án skriflegra fyrirskipana og hægt var að halda hinum grunuðu í fangelsi án dóms og laga í óákveðinn tíma. Bæði blöðin báru fyrir sig góðum heimildum er þau benda á að búast megi við fleiri handtökum á næstu dögum. Athygli vekur þó að þrátt fyrir að greinarnar séu nánast eins að orðalagi og innihaldi, er það eingöngu Þjóðviljinn sem lætur þá vitneskju fylgja fréttinni að hinn myrti hafi borið ábyrgð á handtöku fjölmargra baskneskra þjóðernissinna sem og „ómildri meðferð á þeim“. Bæði blöðin benda á að stjórnvöld á Spáni telji að ETA standi á bak við morðið á Manzana og öðrum lögregluþjóni, sá var José Pardines sem nefndur var hér að ofan.

Tveimur dögum síðar birti Morgunblaðið (1968, 10. ágúst) fréttadálk undir fyrirsögninni „Ókyrrð með Böskum“. Þar er nefndur fjöldi handtekinna þjóðernissinna en jafnframt bent á að ETA beiti oft hryðjuverkum í baráttu sinni fyrir sjálfstæði frá Spáni.

Í dagblaðinu Tíminn birtist grein undir yfirskriftinni „Heimsfréttir“ (Elías Jónsson, 1968, bls. 8). Þar er greinargóð úttekt á stöðu mála eftir morðið á lögreglustjóranum sem sagður er „illræmdur“ og gengur greinarhöfundur lengra í frásögn sinni en aðrir íslenskir miðlar. Þar er því haldið fram að morðinginn tilheyri Baskahreyfingunni. Til að undirstrika hörkuna sem yfirvöld á Spáni sýndu segir í fréttinni: „Neyðarástandi var að nokkru lýst yfir á norðursvæðinu, og dauðarefsingar á ný lögleiddar fyrir ýmsa pólitíska „glæpi“ (Elías Jónsson, 1968, bls. 8). Greininni lýkur á þessum orðum „En Baskar eru harðir andstæðingar, og aðskilnaðarhreyfingin

sem nefnist ETA (Euzkadi Ta Askatasuna) hefur sýnt að undanfögnu, að hún er óhrædd við að grípa til hinna róttækustu aðgerða“ (Elías Jónsson, 1968, bls. 8).

„Sex dauðadómar í Burgos“ var fyrirsögn á grein Morgunblaðsins þann 29. desember árið 1970 með undirfyrirsögn „Harðari dómar en búizt var við í málum Baskanna“ („Sex dauðadómar í Burgos“, 1970, bls. 1). Þar segir frá því að sex hafi hlotið dauðadóm, níu hafi fengið fangelsisdóm og ein 14 ára gömul stúlka verið sýknuð. Þeir meðlimir ETA sem hlutu dauðadóma voru á aldrinum 22ja til 29 ára.

Burgos réttarhöldin gáfu ETA hreyfingunni tækifæri til að auglýsa sig og koma stefnu og skoðunum sínum á framfæri sem aldrei fyrr. Pólitískir fangar úr ETA hreyfingunni höfðu reyndar alla tíð frá því að yfirvöld á Spáni tóku sig til við að handtaka þá gegnt mikilvægu hlutverki innan Þjóðfrelshreyfingar Baska. En þau 16 sem var réttað yfir í Burgos urðu í augum baskneskra og spænskra lýðræðissinna and-fasískar andspyrnuhetjur (Mees, 2003).

Þjóðviljinn birti 10. desember 1970 brot úr grein eftir Marcel Niedergang úr franska stórblaðinu Le Monde. Fyrirsögn Þjóðviljans var „Barátta Baskanna hefur sameinað sundurleita andstæðinga Francos“. Þar segir Niedergang:

En það hefur komið róti á ýmsar andstöðuhreyfingar gegn stjórninni, til að mynda, stjórn mála- og verkalyðshreyfinguna, svo og stúdentasamtök. Fréttin um herréttinn í Burgos og starfsreglur hans sem minntu á hina dimmu daga borgarastríðsins hefur þokað saman ýmsum andstæðum fylkingum sem eiga það sameiginlegt að vera andvíg Franco og stjórn hans. Má þar nefna kommúnista, frjálslynda og konungsinna, og kristilega demókrata. („Barátta Baskanna“, 1970, bls. 3).

Ásmundur Sigurjónsson greinarhöfundur Þjóðviljans vitnar í fjórða hefti Der Spiegel frá árinu 1969 um skelfilegar aðferðir sem yfirvöld á Spáni beittu andstæðinga einræðisstjórnar Franco. „Spánn er öðruvísi“ er fyrirsögnin sem birt var fimmtudaginn 15 maí 1969, það er nítján mánuðum fyrir Burgos réttarhöldin.

Ásmundur hefur þar eftir Der Spiegel að um 1300 spænskir menntamenn hafi í ársbyrjun 1969 sent innanríkisráðherra Spánar 30 blaðsíðna skýrslu sem og báru vitni um yfir 100 tilvik þar sem pólitískir fangar voru pyntaðir. Segir þar að

Þessar pyndingaraðferðir voru sagðar algengar, *Raflost, misjafnlega sterk og löng (allt að mörgum klukkustundum). *Kúlupennar sem voru reknir undir neglur fanganna. *La Bicicleta (reiðhjólíð). Svo nefnist pynding sem er í því fólgin að únlíðir fangans eru bundnir saman undir hnésbótunum. Þannig krepptur er hann látinn ganga um klukkustundum

saman. *Fangar eru látnir standa grafkyrrir með útrétta handleggji—oft heilan sólahring í senn. (Ásmundur Sigurjónsson, 1969, bls. 2).

Íslenskir fjölmiðlar sem fjölluðu um málefni ETA og lýstu málefnum líðandi stunda treystu, eins og þeir gera í dag, mikið á erlendar fréttaveitur sem og aðra miðla. Öll bera þau vitni um þá hörku sem Franco beitti en þó má greina pólitíska slagsíðu í málflutningi þeirra því hægri miðlar voru mildari í garð Francos en miðlar til vinstri eða í miðju.

8 Samantekt

Margir íbúar Norður-Spánar og Suður-Frakklands, eins og landamærin eru í dag, tala einstakt tungumál, basknesku. Baskar hafa varðveitt menningu sína, siði og hefðir í gegnum aldir og lengst af ekki ósvipað Íslendingum í gegnum söng og sagnahefð. Hvalveiðar stunduðu Baskar af slíkum krafti að á miðöldum var svo komið að enginn hvalur var eftir í Fetlaflóa. Leit Baska að þessari dýrmætu afurð sem og þorski, sem þeir kunna ekki síður að meta, leiddi þá að Íslandsströndum. Ísland er undir dönsku konungsvaldi og einokunarverslunar á þeim tíma sem Íslendingar lenda uppá kannt við Baska 1615. Basknesk íslensk orðasöfn hafa varðveist og bera þau merki um talsverð viðskipti þjóðanna. Það sauð hinsvegar uppúr og má vera að Baskavígin hafi að einhverju leiti litað viðhorf Íslendinga til Baska í gegnum tíðina.

Uppruni Baska sem hefur verið vísindamönnum ráðgáta. Það er fyrst eftir að Rómverjar koma til Íberíuskagans að þjóðflokkar í norðurhluta Spánar með sitt sérstaka tungumál eru nefndir Baskar. Hvort sem að Baskar séu afkomendur krómagnon manna eða ekki er víst að í árpúsundir hafa þjóðflokkar hafist þar við og þróað með sér einstakt samfélag sem hefur alið af sér menningu og einstakt tungumál. Í gegnum aldir hefur Böskum tekist að verja það landsvæði sem þeir búa á fyrir ágangi. Í gegnum viðskipti og samskipti við aðrar þjóðir hafa Baskar tamið sér ýmsar nýjungar og nýttu sér til dæmis skipatækni víkinga.

Baskalögin eða fueros skipa stóran sess í sjálfsmynd Baska og er einn af drifkröftum í þjóðernisbaráttu þeirra. Baskalögin vöktu athygli stjórnámálanna víða í heiminum og sumstaðar aðdáun.

Þegar Sabino Arana stofnaði PNV flokkinn 1895 voru skoðanir hans og hugmyndir litaðar af ótta gagnvart innflytjendum ekki síst spænskumælandi. Hann óttaðist útrýmingu tungumáls og þjóðar. Þrátt fyrir að margt í starfi Arana og PNV flokksins minni á hefðbundið stjórnmalastarf er hin rasíska hugmyndafræði gagnrýniverð.

Francisco Franco tók andstæðinga sína engum vettlingatökum. Andstæðingar Francos voru handteknir og pyntaðir, fangelsaðir og aflífaðir. Franco var sérstaklega í nöp við Baska eftir

framgöngu þeirra í borgarastríðinu. Ríkisstjórn Baska undir forystu Aguirre flúði að lokum til Parísar eftir borgarastríðið og reyndu að starfa þaðan. Baskar voru í samstarfi við bandamenn í seinni heimsstyrjöldinni og börðust gegn fasisma í Evrópu. Fljótlega eftir styrjöldina gerðu Bandaríkjamenn samning við Franco og tryggðu hann þar með í sessi sem leiðtoga Spánar. Baskneskt samfélag var þar með áfram undir hæl einræðisherra en ekki frelsað af bandamönnum. Franco bannaði baskneskuna og þjóðfána Baska, lét handtaka tugi þúsunda þjóðernissinna og pynta.

Þegar Franco hafði lamið á andstæðingum sínum í rúm tuttugu ár stigu nokkrir ungir þjóðernissinnar í Baskalandi upp og stofnuðu ETA. Hreyfingin starfaði „neðanjarðar“ og reyndist erfitt fyrir skósveina Francos að hafa uppi á meðlimunum. ETA dreifði pólitískum áróðri og hafði aðgang að ungu fólki í gegnum ungmennahreyfingu PNV. Þegar komið var fram á sjötta áratuginn tengdu Baskar sig við frelsisbaráttu annarra smárikja. Eftir að Krutwig sáði fræjum skæruhernaðar í hreyfinguna 1960 fór sá hópur sem tilbúinn var að grípa til vopna stækkandi, kynslóð sem þekkti ekkert annað en einræði Francos og mundi ekki hörmungar borgarastríðsins; aðþrengt fólk sem var til í að deyja fyrir málstað sinn.

Árið 1962 skilgreindi ETA sig sem leynileg byltingarsamtök og eftir átök á fimmta fundi ETA 1966 voru það harðlínumenn sem stjórnðu hreyfingunni. Fyrsta morð ETA var ekki skipulagt af hreyfingunni en í kjölfarið er einn af leiðtogum ETA, Txabi, skotinn á flótta. ETA skipulagði morðið á þekktum pyntara og skósveini Francos sem eins og fyrr kallaði á hörð viðbrögð af hans hálfu.

Burgos réttarhöldin afhjúpuðu aðferðir og ofsóknir Francos gegn andstæðingum sínum. Í fyrsta sinn, frá því að Franco tók við völdum, var herréttur haldinn fyrir opnum tjöldum. Innlendir sem erlendir miðlar fjölluðu um mál þeirra 16 sem ákærð voru og í fyrsta sinn í sögu réttarins fengu pólitískir fangar að lýsa pyntingum sem þeir sættu. Hinir ákærðu nýttu tímann í réttinum til að koma sínum pólitísku skoðunum á framfæri. ETA hreyfingin flækti dómsmálið með því að ræna vestur-þýskum ræðismanni en sumir vilja meina að þeir hafi með því náð að þrýsta á að dauðadómum var breytt í fangelsisdóma. Ekki er tekin afstaða til þess hér.

Þegar ETA skipulagði og framkvæmdi morðið á forsætisráðherranum Carrero Blanco var hreyfingin komin á þann stað að vera viðurkennt afl gegn Franco og stjórn hans, hreyfing sem barðist fyrir lýðræði á Spáni. Mögulega flýtti morðið á Blanco fyrir þróuninni í átt til lýðræðis á

Spáni en ETA barðist jafnframt fyrir sjálfstæði Baskalands þannig að baráttan hélt áfram þrátt fyrir að Franco væri fallinn frá og lýðræði innleitt á Spáni.

Íslenskir miðlar fylgdu málefnum ETA og þjóðfrelsisbaráttu Baska á tímum Francos nokkuð vel eftir. Með aðstoð erlendra miðla greindu þeir nokkuð ítarlega frá pyntingum og slæmri meðferð liðsmanna Francos á andstæðingum sínum. Þannig sinntu þeir upplýsingaskyldu sinni.

Baskar hafa varðveitt sína siði, menningu og tungumál í gegnum söng og sagnahefð. Frá því um miðja 20. öld var svo komið að útrýming basknesku þjóðarinnar blasti við og aðför Francos slík að bera má saman við aðrar þjóðernishreinsanir á 19. og 20. öld. Þegar Franco féll frá 1975 hafði hann þjarmað að Bökum í nær 40 ár og af slíkum krafti fyrstu 20 ár valdatíðar sinnar að það ól af sér róttæka og blóðuga baráttu ETA hreyfingarinnar, baráttu sem háð var í áratugi eftir fráfall hans.

Heimildir

- Agirreazkuenaga, J. (1999). Wilhelm von Humboldt and the representative assemblies of the Basque Country. *Parliaments, Estates and Representation*, 19(1), 143–149.
- Agirreazkuenaga, J. (2011). The Making of the Basque Question : Experiencing Self Government 1793 – 1877. Í X. Irjuo (ritstjóri ritraðar), *Basque Politics Series, nr. 20*. Reno, Nevada: Center for Basque Studies; University of Nevada, Reno.
- Aspe, A. (2016). *Baskavígin – Slaying of the Basques Whalers* [heimildamynd]. Bilbao: Old Port Films. Reykjavík: Kvikmyndagerðin Seylan.
- Álfrún Gunnarsdóttir. (2001). Yfir Ebrofljótið. Reykjavík: Mál og menning.
- Árnastofnun. (e.d.). Basknesk- íslensk orðasöfn. Sótt af <https://www.arnastofnun.is/is/basknesk-islensk-ordasofn?fbclid=IwAR04BpWBXIZ9UXhUHV7FjUGWQAYwcMdT4CQpy2TqNGhsCanQVX5M-cRkUwU>
- Ásmundur Sigurjónsson. (1968, 5. maí). Spánn er öðruvísi. *Þjóðviljinn*, Sótt af <https://timarit.is/page/2820315?iabr=on&fbclid=IwAR3mLNFQSDdypFsXo-mxMfRpIHTutacBTVrEvOmztr5loDzxvp2qpsM6tol#page/n1/mode/2up/search/baskar>
- Barátta Baskanna hefur sameinað sundurleita andstæðinga Francos. (1970, 10. desember). *Þjóðviljinn*. Sótt af <https://timarit.is/page/2826098?iabr=on&fbclid=IwAR003s6k1Bk3RuoRGAVIkTYrZrnWqZhEgppxWFAqDwceHNU1UsuoBsHT4WA#page/n2/mode/2up/search/ETA+>
- BBC World Service. (2001, 17. júlí). *The Basque prisoners who are ETA supporters* [hlaðvarpsáttur]. Assignment. Sótt af <https://www.bbc.co.uk/programmes/p03ghtg9>
- BBC World Service. (2013, 19. desember). *The Assassination of Spain's Prime Minister* [hlaðvarpsáttur]. Whitnesh history. Sótt af <https://www.bbc.co.uk/programmes/p01n9f1l>
- Bilbao, X. (2020, 16. apríl). Munnleg heimild [tölvupóstur til höfundar].
- Clark, R. P. (1979). *The Basques, the Franco Years and Beyond*. Reno, Nevada: University of Nevada Press.

- Clark, R. P. (1990). *Negotiating With Eta: Obstacles To Peace In The Basque Country, 1975–1988*. Í W. A. Douglass (ritstjóri ritraðar), *Basque Series*. Reno, Nevada: University of Nevada Press.
- Collins, R. (1990). The Basques and Rome. *The Basques* [einkum bls. 31– 66]. Oxford: Basil Blackwell.
- Douglass, W. og Zulaika, J. (2007). Romanization. *Basque Culture: Anthropological Perspectives*. (bls. 65 –75). Reno, Nevada: Center for Basque Studies; University of Nevada, Reno.
- Elías Jónsson. (1968, 17. ágúst). Í heimsfréttum. *Tíminn*, bls. 8.
- Guðrún Kvaran. (2006, 26. október). Hvaðan kemur baskneska? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=6338>
- Hallgrímur Hallgrímsson. (1941). *Undir fána lýðveldisins. Endurminningar frá Spánarstyrjöldinni*. Reykjavík: Una.
- Heiberg, M. (1989). *The Making of the Basque Nation*. Cambridge University Press. <https://doi.org/10.1017/CBO9780511558023>
- Helga Sverrisdóttir. (2002, 11. júlí). Hvað er ETA? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=2528>
- Helgi Guðmundsson. (1979. Um þrjú basknesk-íslensk orðasöfn frá 17. öld. *Íslenskt mál og almenn málfræði 1*, 75–87.
- Helgi Þorláksson. (2003). *Saga Íslands VI*. Í Sigurður Línal, ritstjóri, ritröð Þjóðhátíðarnefndar 1974. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag; Sögufélag.
- Herlög í Baskahéruðum á Spáni. (1968, 8. ágúst). *Þjóðviljinn*. Sótt af <https://timarit.is/page/2817486#page/n2/mode/2up>
- Hjörleifur Guttormsson. (2013). Hvalveiðar Baska og samskiptin við Íslendinga. Í Hjörleifur Guttormsson (ritstjóri) *Í spor Jóns lærða*. (bls. 199–205). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Irujo, X., og Miglio, Viola Giulia. (2015). *Basque whaling in Iceland in the XVII century: Legal organization, cultural exchange and conflicts of the Basque fisheries in the North Atlantic*. (Basque Law Series ; 2). Santa Barbara, CA: University of California.

- Koivukari, T. (2012). *Ariasman* (Sigurður Karlsson þýddi). Akranes: Uppheimar.
- Kristján Mímisson. (2005, 2. ágúst). Hverjir voru krómagnon-menn? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=5170>
- Kurlansky, M. (1999). *The Basque History of the World*. Toronto: Alfred A. Knopf Canada.
- Lecours, A. (2007). *Basque Nationalism and the Spanish State*. Nevada: University of Nevada Press.
- Margaronis, M. (2016, 22. september). *Basques Face the Future* [hlaðvarpsþáttur]. BBC World Service: Sounds. Sótt af <https://www.bbc.co.uk/sounds/play/p048lr9c>
- Már Jónsson. (2016, 1. nóvember). Hvað getið þið sagt mér um Spánverjavígin árið 1615? *Vísindavefurinn*. Sótt af <http://visindavefur.is/svar.php?id=7285>.
- Mees, L. (2003). *Nationalism, Violence and Democracy: The Basque Clash of Identities*. New York: Palgrave Macmillan.
- Ókyrrð með Böskum. (1968, 10. ágúst). *Morgunblaðið*. Sótt af <https://timarit.is/files/16305441>
- Reddin, S. (2017, 4. maí). The antifascist ETA militant who changed the course of Spanish state history. *Medium*. Sótt af <https://medium.com/@stewreddin/argala-the-anti-fascist-eta-militant-who-changed-the-course-of-spanish-state-history-66719fa79436>
- Sex dauðadómar í Burgos. (1970, 29. desember). *Morgunblaðið*. Sótt af <https://timarit.is/page/1417615?iabr=on#page/n0/mode/2up/search/ETA>
- Spánska lögreglan ber á Böskum. (1968, 8. ágúst). *Alþýðublaðið*. Sótt af <https://timarit.is/files/8001715#search=%22ETA%22>
- Sullivan, J. (1988). *ETA and Basque Nationalism: The Fight for Euskadi 1890–1986*. New York: Routledge.
- Toticaguena, G. (2004, 4. maí). José Antonio de Aguirre y Lecube in New York. *EuskoNews & Media*, 245(12). Sótt af <http://www.euskoNews.eus/0245zkb/kosmo24501.html>
- Trask, R.L. (1997). *The History of the Basque*. New York: Routledge.
- Trausti Einarsson. (1987). *Hvalveiðar við Ísland 1600 – 1939*. Reykjavík: Menningarsjóður.
- Viðar Hreinsson. (2016). *Jón lærði og náttúrur náttúrunnar*. Reykjavík: Lesstofan.
- Whitfield, T. (2014). *Endgame for ETA: Elusive Peace in the Basque Country*. New York: Oxford University Press.

Yratola, A. (1988, 18. júlí). Baskar – sérkennileg þjóð af ókunnum uppruna. *Lesbók Morgunblaðsins*, bls. 12 – 14.

Þorlákur Axel Jónsson. (2009). *Dagur Austan: ævintýramaðurinn Vernharður Eggertsson*. Akureyri: Völuspá.

Þorsteinn Helgason. (2018). *The Corsairs' Longest Voyage: The Turkish Raid in Iceland 1627*. Leiden; Boston: Brill.

